




HÉRAÐSSKJALASÖFN

---

# Starfsemi og hlutverk héraðsskjalasafna

1.  
Inngangur
2.  
Rekstur héraðsskjalasafna
3.  
Hlutverk
4.  
Söfnun og varðveisla
5.  
Þjónusta
6.  
Miðlun
7.  
Ráðgjöf og eftirlit
8.  
Rannsóknir
9.  
Menningarhlutverk
10.  
Afhending pappírsskjala
11.  
Afhending rafrænna gagna
12.  
Gögn utan skjalavörslukerfa
13.  
Varðveisla rafrænna gagna
14.  
Aðgengi að rafrænum gagnasöfnum
15.  
Verkefni sveitarfélaga?
17.  
Ávinningur af starfsemi héraðsskjalasafna



Sveitarfélög þurfa í ríkara mæli en áður að tryggja samkeppnishæfni sína þegar kemur að þjónustu við íbúa. Sveitarfélög framtíðarinnar eru þekkingarsamfélög sem tryggja með öruggum hætti aðgengi að gögnum í samræmi við lög og reglur.

Sveitarfélögin eru þekkingarsamfélög sem veita íbúum sínum margvíslega þjónustu. Sveitarfélögin hafa á síðustu árum tekið í notkun stafrænar lausnir til að bæta þjónustu sína við íbúa. Stafrænni framþróun sveitarfélaga er ætlað að einfalda þjónustu, auka samræmi í ákvarðanatöku og styðja við jafnræði milli íbúa samhliða því að auka skilvirkni í stjórnsýslunni.

Sveitarfélögin þurfa á sama tíma að tryggja samfellu í þjónustu sinni við íbúa, stytta boðleiðir, flýta fyrir afgreiðslu og tryggja að þekking á uppbyggingu stjórnsýslunnar sé til staðar. Mikilvægur þáttur í þessari þjónustu og í stjórnsýslu sveitarfélaga eru héraðsskjalasöfnin sem sveitarfélögin eiga og reka.

Öflug héraðsskjalasöfn, hringinn í kringum landið, styðja og styrkja stjórnsýslu og innviði þeirra sveitarfélaga sem að þeim standa. Héraðsskjalasöfnin eru almannagæði, þau tryggja mikilvæga samfellu í þjónustu sveitarfélaga og beint aðgengi starfsfólks sveitarfélaga og íbúanna sjálfra að mikilvægum upplýsingum. Sú sérfræðiþekking sem til er á héraðsskjalasöfnunum er mikilvægur hluti af kjarnaþjónustu í nærsamfélaginu.


# REKSTUR HÉRAÐSSKJALASAFNA

Þann 1. janúar 2023 voru 20 héraðsskjalasöfn starfandi á landinu sem 46 eða um 72% sveitarfélaga eiga og reka.

Á vef Stjórnarráðsins er tæmandi listi yfir verkefni sem sveitarfélögunum eru falin að lögum. Hluti verkefnanna eru lögskyld á meðan að önnur eru lögheimil. Varðveisla skjala er lögskilt verkefni skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Sveitarfélögin geta valið að sinna þessu verkefni með því að eiga og reka eigið héraðsskjalasafn og þannig tryggja samfellu í rekstri allra sinna stofnana, eða með því að afhenda skjöl til þriðja aðila, ríkisins og greiða þá sérstaklega fyrir þá þjónustu samkvæmt gjaldskrá. Í löndunum í kringum okkur hafa sveitarfélög valið að gera þetta sjálf af þeirri einföldu ástæðu að það tryggir betri þjónustu og lægri rekstrar-kostnað. Höfuðborgir allra Norðurlandanna eiga og reka eigin borgarskjalasöfn.

Flest sveitarfélög sinna þessu verkefni sjálf. Þannig tryggja þau og standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt sinn og um almannagæði innan héraðs. Þessi sveitarfélög geta með einföldum hætti stýrt fjármagni sem fer í rekstur héraðsskjalasafnanna og þau nýta sérþekkingu starfsfólks safnanna. Boðleiðir eru styttri, starfsfólk skjalasafnanna er í reglubundnum og beinum samskiptum við starfsfólk sveitarfélaga og þannig styður rekstur skjalasafnanna við rekstur sviða og deilda stofnana sveitarfélaga. Hér má sjá hvar héraðsskjalasöfnin eru staðsett. Héraðsskjalasöfn er ekki starfandi á Reykjanesi, Snæfellsnesi og hluta af Vestfjarðarkjálkanum.



# HLUTVERK

## Hlutverk héraðsskjalasafna eru skilgreind í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Opinber skjalasöfn varðveita vitnisburð um ákvarðanir stjórnvalda, aðgerðir og þær lagalegu skuldbindingar sem þeim fylgja. Ábyrg varsla þessara skjala tryggir gagnsæi og rekjanleika í stjórnsýslunni og þá um leið réttindi þeirra einstaklinga sem koma fram í skjölunum. Héraðsskjalasöfnin eru óaðskiljanlegur hluti af stjórnsýslu sveitarfélaga en sinna einnig mikilvægu rannsóknar- og menningarhlutverki fyrir nærsamfélagið.

### Söfnun og varðveisla

01

Viðtaka, innheimta og varðveisla gagna afhendingarskyldra aðila ásamt öðrum gögnum sem hafa þýðingu fyrir stjórnsýslu, hagsmuni og réttindi borgara og gögnum sem hafa sögulegt gildi (9., 13. og 18. gr.).

### Þjónusta og miðlun

02

Tryggja viðeigandi aðgengi að gögnum, leiðbeina um notkun gagna í vörslu safnsins, hafa skjalaskrár aðgengilegar og skapa aðstöðu fyrir gesti safnsins til að rannsaka safnkostinn (13. gr.).

### Ráðgjöf og eftirlit

03

Eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og reglum sem settar eru af Þjóðskjalasafni Íslands (8. gr. og 13. gr.).

### Rannsóknir og menningarstarfsemi

04


Greiða fyrir rannsóknum á gögnum í vörslu safna og gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti skjalasafna (13. gr.).

# SÖFNUN OG VARÐVEISLA

Héraðsskjalasöfnin heimta inn og taka við gögnum frá afhendingarskyldum aðilum auk gagna frá einkaaðilum (félögum, einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum).

Héraðsskjalasöfnin taka við skjölum sveitarfélaga og stofnana þeirra. Ábyrgð á vörslu og afgreiðslu skjalanna flyst þar með frá stofnununum til héraðsskjalasafnanna. Starfsfólk safnanna kemur undantekningalítið að frágangi afhendinga, tryggir að hann sé í samræmi við staðla, lög, reglur og að gögnin séu bæði leitarbær og aðgengileg. Þessi vinna er unnin í samvinnu af starfsfólki héraðsskjalasafnanna og starfsfólki sveitarfélaganna. Þekking á eðli og innihaldi gagnanna er þannig varðveitt áfram innan sveitarfélaganna.

Starfsfólk héraðsskjalasafnanna hefur góða yfirsýn yfir hvaða félög, fyrirtæki og samtök hafa verið starfrækt á svæðinu og leita eftir því að gögnum sé skilað á héraðsskjalasöfnin. Þá hafa einstaklingar tilhneigingu til að vilja setja einkaskjöl á það héraðsskjalasafn sem tengist uppruna einkaskjalasafnsins. Það er verið að senda skjölin „heim í hérað“. Þannig styðja héraðsskjalasöfnin við staðarmenningu og mannlíf hringinn í kringum landið.



# ÞJÓNUSTA

Héraðsskjalasöfn veita stjórnsýslu, fræðimönnum og almenningi mikilvæga þjónustu.

Stærsti hluti fyrirspurna á skjalasöfnin kemur frá heimafólki. Starfsfólk sveitarfélaganna sækir einnig vegna vinnu sinnar í safnkostinn. Ef tekið er mið af fjölda erinda og fyrirspurna síðustu ára má ætla að fyrirspurnir og erindi á landsvísu séu 10.000-15.000 á ári. Stærri söfnin taka við 1.000 til 1.400 fyrirspurnum og erindum á ársgrundvelli. Um þriðjungur fyrirspurna eru frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Þá hefur þjónusta við einstaklinga sem leita persónulegra upplýsinga úr opinberum gögnum, t.d. skólum og félagsþjónustu aukist mikið. Hér er oft á tíðum um viðkvæm trúnaðargögn að ræða sem kallar á sérfræðipækkingu varðandi meðferð og afgreiðslu slíkra gagna sem og á uppbyggingu skóla- og velferðarþjónustu sveitarfélaga á hverjum stað.

Yfirgripsmikil þekking á byggðasögu, á uppbyggingu stjórnsýslunnar á hverjum stað allt frá lokum 19. aldar og fram á 21. öldina einfaldar og tryggir að þjónusta sveitarfélaganna sé í samræmi við kröfur um góða stjórnsýsluhætti. Hlutverk héraðsskjalasafnanna þegar kemur að söfnun, varðveislu, aðgengi og þjónustu í þessu samhengi er óumdeilt.

Bein fylgni er á milli aukinnar stafrænnar miðlunar á skjölum, hljóðskrá, ljósmyndum og skjalaskrá og fjölgunar á fyrirspurnum og erindum. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun og ljóst að með auknu aðgengi að safnkosti gera stjórnvöld og íbúar sér enn betur grein fyrir þeim verðmætum sem héraðsskjalasöfnin geyma.



Stærsti hluti  
fyrirspurna  
kemur frá  
heimafólki


# MIÐLUN

Lög um opinber skjalasöfn kveða á um að söfnin geri mikilvæg skjöl um þjóðarsöguna, eða sögu byggðarlaga þar sem söfnin eru stafrækt, aðgengileg á vefsíðum sínum eða með öðrum hætti.

Með miðlun safnkosts með stafrænum hætti gefst almenningi, sveitarfélögum og fræðimönnum kostur á að nýta sér safnkostinn með aðgengilegum og einföldum hætti. Miðlunin styður við stjórnsýsluna - starfsfólk sveitarfélaga getur einfaldlega nálgast gögn sem starfsfólk héraðsskjalasafnanna hefur gert leitarbær á vef og einfaldað ákvarðanatöku og aukið skilvirkni í stjórnsýslunni.

Safnkosturinn er hluti af sameiginlegu minni samfélagsins, sveitarfélagsins á hverjum stað. Aðgengi byggir á yfirgripsmikilli þekkingu starfsfólks héraðsskjalasafnanna á stjórnsýslu og sögu sveitarfélaganna.

Miðlun er hluti af stafrænni vegferð héraðsskjalasafna en þar er horft til notendamiðaðrar nálgunar á miðlun efnis. Stafræn umbreyting safnkost er mikilvægur hluti af öryggisáætlun safna þar sem stafræn afrit eru í raun öryggisafrit af skjölum og varðveitt í fleiri eintökum. Viðkvæmum skölum er þannig hlíft og þau varðveitt við bestu mögulegu skilyrði. Stafræn umbreyting og miðlun á safnkosti er hluti af þróun héraðsskjalasafna og áherslubreytinga í starfsemi.



Hand-  
skrifaður  
texti  
gerður  
leitarbær



# RÁÐGJÖF OG EFTIRLIT

Héraðsskjalasöfnin hafa eftirlit með skjalavörslu sveitarfélaga. Starfsmenn héraðsskjalasafnanna eru ráðgefandi um skjalavörslu og skjalahald.

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 eiga héraðsskjalasöfnin að hafa eftirlit með sveitarfélögum og stofnunum þeirra í sínu umdæmi. Ráðgjöf héraðsskjalasafns getur falist í aðkomu starfsmanna við gerð málalykla og skjalavistunaráætlana eða annara verkefna sem tengjast undirbúningi á afhendingu pappírsskjalaskjala til héraðsskjalasafns eða ráðgjöf tengdum tilkynningum á rafrænu gagnakerfum, móttöku rafrænna gagnasafna o.fl. Eftirlit er m.a. fólgið í heimsóknum og könnunum. Starfsfólk héraðsskjalasafnanna leggur áherslu á að eftirlit sé leiðbeinandi. Megintilgangur þess er að bæta skjalavörslu og skjalahald.

Eftirlit og ráðgjöf til sveitarfélaga og stofnana þeirra breytist og eykst samhliða stafrænni þróun og þjónustu við íbúa. Tæknilegum breytingum fylgja ný verkefni eins og tilkynningar og skil á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga, stofnana þeirra og einstaklinga. Héraðsskjalasöfnin eru vel í stakk búin til að takast á við ný verkefni í stafrænum heimi. Með rekstri héraðsskjalasafna eru sveitarfélög að fjárfesta í fagþekkingu í héraði. Ráðgjöf og eftirlit byggir á trausti og náinni samvinnu milli starfsfólks héraðsskjalasafna og sveitarfélaga.



Eftirlit er leiðbeinandi og gert til að bæta skjalavörslu og skjalahald

# RANNSÓKNIR

Opinber skjalasöfn skulu sinna og greiða fyrir rannsóknum er varða safnkostinn.




Héraðsskjalasöfn eru vel til þess fallin að sinna rannsóknum er tengjast sögu héraðs eða svæðis enda fáir sem þekkja betur þær heimildir sem söfnin geyma.

Héraðsskjalasöfn hafa til að mynda komið að því að gera húsakannanir og tillögur að verndarsvæði í byggð. Með þessu móti er verið að byggja upp sérfræðipækkingu í heimabyggð sem nýtist nærsamfélaginu.

Héraðsskjalasöfnin hafa einnig verið í samstarfi við aðrar stofnanir um rannsóknir. Með því er verið að byggja upp þekkingu á sögu svæðis, samnýta kraftana, opna glugga á frekara samstarf um rannsóknir og miðlun sögunnar.

Sérþekking á sögu svæðis og heimildum þess dýpkar einnig skráningu skjalasafnanna sem er grundvallarforsenda þess að gera gögnin aðgengileg. Má þar til dæmis nefna greiningu ljósmynda sem segja má að sé, alla jafna, samstarf starfsfólks héraðsskjalasafna og heimafólks.

Fræðimenn og námsmenn nýta héraðsskjalasöfnin til heimildaöflunar við ýmis verkefni t.d. ritun bóka, ritgerða og fræðigreina og á hverju ári eru gefin út rit þar sem safnkostur og sérþekking starfsfólks safnanna er nýtt.



# MENNINGARHLUTVERK

## Héraðsskjalasöfnin sinna víðtæku menningarhlutverki fyrir nærsamfélagið.

Héraðsskjalasöfn sinna mun víðtækara hlutverki en að vera vörslustofnun gamalla skjala. Meðal annars sinna héraðsskjalasöfn mikilvægu menningarhlutverki fyrir nærsamfélagið. Þau eru sýnileg í samfélaginu, eiga í virku samtali við íbúa og efla þá til þátttöku ásamt því að auka þekkingu og vitund íbúa um sögu, umhverfi og samfélag.

Héraðsskjalasöfnin standa fyrir fjölbreyttum viðburðum og verkefnum allan ársins hring auk þess að koma að ýmsum verkefnum sem önnur söfn, félagasamtök, stofnanir og einstaklingar standa að með einum eða öðrum hætti. Til dæmis styðja héraðsskjalasöfn og sögufélög víða vel við hvort annað.

Menningarstarfsemi héraðsskjalasafna nær til allra aldurshópa. Greiningarfundir á ljósmyndum eru starfræktir fyrir áhugasama hópa, frá grunnskólaaldri til eldri borgara. Þá hafa héraðsskjalasöfn staðið fyrir fræðslu nemenda á öllum skólastigum um starfsemi safnanna, sögu og umhverfi.

Með því að vera sýnileg íbúum, stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum eykst vitund og vilji almennings til að afhenda skjöl á skjalasöfnin. Með íbúum þróast þannig sameiginleg ábyrgð um varðveislu söguheimilda. Menningarstarfsemi af þessu tagi eykur einnig almannagæði íbúa sem gerir svæðið að eftirsóknarverðum stað til að búa á.



# AFHENDING PAPPÍRSSKJALA

Stærstur hluti sveitarfélaga er enn að afhenda pappírsskjöl til héraðsskjalasafna þrátt fyrir að gögnin eigi uppruna sinn í stafrænu vinnuumhverfi.

Fyrir þessu eru margar skýringar. Í fyrsta lagi eru sum sveitarfélög og/eða undirstofnanir þeirra ekki búin að vinna sína undirbúningsvinnu, þ.e. að koma skipulagi á gögn sín og uppfylla lagaskyldur varðandi skjalavörslu. Þessi vinna er nauðsynlegur undanfari að því að fara í rafræn skil. Í öðru lagi hefur kostnaður við að fara í stafræna umbreytingu þótt mjög hár. Líklega er kostnaður við uppsetningu á rafrænum skjalavörslukerfum fyrir litlar stofnanir helsta ástæða þess að stofnanir eru ekki lengra komnar með að uppfylla lagaskyldur sínar gagnvart skjalastjórnun og skjalavörslu. Kostnaðurinn eykst svo til muna þegar farið er í rafræn skil og viðtöku slíkra gagna. Þetta er óumflýjanleg þróun þar sem meirihluti gagna á uppruna sinn í stafrænu vinnuumhverfi.


Rétt er þó að gera sér einhverja hugmynd um hvað pappírsskil kosta. Við tókum hér tilbúið dæmi frá einu meðalstóru sveitarfélagi út á landi. Sveitarstjórnarskrifstofan er þar að prenta út og setja í öskjur öll skjöl úr skjalavörslukerfi sínu, að meðaltali um 60 öskjur á ári eða um 5 hillumetrar. Í þetta fara tveir mannmánuðir skjalastjóra. Erfitt er að áætla kostnað við geymslu því hann er mjög breytilegur út frá húsnæði og staðsetningu. Hér er miðað við 1.500 kr. pr. hillum. með vísun í nýlega kostnaðargreiningu hjá héraðsskjalasafni.

<b>Þættir</b>	<b>Kostnaður</b>
Öskjur	31.500 kr.
Pappírs- og prentkostnaður	84.000 kr.
Arkir	8.600 kr.
Varðveisla (ársleiga)	7.500 kr.
Vinna skjalastjóra	2.200.000 kr.
<b>SAMTALS</b>	<b>2.631.600 kr.</b>

# AFHENDING RAFRÆNNA GAGNA

Héraðsskjalasöfn hafa tekið upp samstarf við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) til að auðvelda móttöku rafrænna gagna.

Erfitt er að segja nákvæmlega til um kostnað sem hlýst af afhendingu og móttöku rafrænna gagna en út frá upplýsingum og reynslu NEA má styðjast við ákveðnar viðmiðunarreglur. Við gerð vörsluútgáfa fer stærsti hluti tímans í vinnu skjalastjóra (55%), bæði að undirbúa gagnasafnið sem og gera þær breytingar sem nauðsynlegar reynast í afhendingarferlinu. Þriðjungur tímans fer í vinnu móttökuaðilans við að yfirfara gögnin og um 15% í vinnu hugbúnaðarfyrirtækis. Ætla má að fyrsta afhending taki lengstan tíma en gott samstarf sveitarfélaga og héraðsskjalasafna getur stýtt þennan tíma verulega. Því má ætla að um 80 til 160 klst. fari í móttöku á gagnasafni en umfang og innra skipulag gagnasafnsins ræður miklu þar um. Beinn launa-kostnaður eða aðkeypt vinna/ráðgjafþjónusta ræður mestu um endanlegan kostnað vegna móttöku gagna, þ.e. vinna skjalastjóra sem er einn til tveir mannmánuðir, sérfræðiþjónusta vegna móttöku sem kostar um 16.000 kr. per. klst. (skv. gjaldskrá NEA) og vinna hugbúnaðaraðila sem gæti verið um 32.000 kr. per. klst. Afhending og móttaka rafræns gagnasafns gæti því kostað frá um 3.600.000 til 7.000.000 kr. Þá má einnig sjá á þessu dæmi að mesti sparnaðurinn felst í því að hafa góða upplýsingastjórnun og vel skipulagt gagnasafn. Góð samvinna við héraðsskjalasafn skiptir sköpum og sparar umtalsverða fjármuni.




# GÖGN UTAN SKJALAVÖRSLUKERFA

Stór hluti stafrænna gagna sveitarfélaga eru utan skjalavörslukerfa.

Athugun á gagnamagni nokkurra sveitarstjórnarskrifstofa gefur til kynna að gagnamagnið utan skjalavörslukerfa sé um tífalt stærra en gagnamagnið sem er að finnan innan skjalavörslukerfa. Hér er átt við gögn á drifum sem starfsmenn hafa aðgang að. Auðvitað eiga ekki öll gögn heima í skjalavörslukerfum, sumt eru vinnugögn, önnur eru gögn sem ekki tilheyra máli. Þessi mikli munur vekur þó spurningar hvort ekki þurfi að huga að langtíma varðveislu þessara gagna, alla vega hluta þeirra. Hér þarf að grípa strax í taumana því eftir því sem lengra líður frá gerð gagnanna því erfiðara verður að gefa þeim viðeigandi lýsigögn og koma þeim í langtíma varðveislu.

Sveitarfélög ættu að leita til héraðsskjalasafna til að meta varðveislugildi þessara gagna. Þau gögn sem eru metin varðveisluverð má umbreyta í varðveisluútgáfur hjá Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Áætlað er að kostnaður sé um 15.000 kr. pr. GB.

Stafræn gögn í skjalavörslukerfi  
10%



Stafræn gögn utan kerfa  
90%

# VARÐVEISLA RAFRÆNNA GAGNA

Tryggja þarf varðveislu rafrænna gagna og vörsluútgáfa þegar búið er að afhenda gögnin á héraðsskjalasafn.

Samkvæmt reglum Þjóðskjalasafns Íslands er nauðsynlegt að breyta sniðmáti rafrænna gagna í skjalavörslukerfum þegar vörsluútgáfa gagnasafns er útbúin. Þetta hefur, alla jafna, **tvöföldun** gagnamagns í för með sér hið minnsta. Þá er nauðsynlegt að eiga, að lágmarki, tvö afrit af vörsluútgáfunni sem geymd eru á sitthvorum staðnum til að tryggja öryggi gagnanna. Sveitarfélög eru að greiða fyrir hýsingu á bilinu 100 til 150 kr. á GB á ári. Verðmunurinn felst yfirleitt í afritun og aðgengi gagnanna. 500 GB gagnasafn yrði þá að 1 TB vörsluútgáfu sem yrði geymd í tveimur afritum. 2 TB ár ári kosta þá um 200.000 - 300.000 kr. á ári. Til samanburðar er rétt að benda á að varðveisla á 1 GB kostar 1200 kr. á ári hjá Þjóðskjalasafni. 2 TB myndi þá kosta 2.457.600 kr. á ári. Mörg héraðsskjalasafnanna varðveita um og yfir 10 TB af rafrænum gögnum og eru afhendingarskyld gagnasöfn sveitarfélaganna ótalin. Sveitarfélögin geta sparað umtalsverða fjármuni við að varðveita þessi gögn sjálf eða í samvinnu sín á milli.



Huga þarf vel að  
varðveislu  
rafrænna gagna  
til langtíma


# AÐGENGI AÐ RAFRÆNUM GAGNASÖFNUM

Tryggja þarf aðgengi að rafrænum gagnasöfnum. Á Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu er unnið að því að gera rafrænar vörsluútgáfur aðgengilegar og útbúa skjalaskrár yfir rafræn gagnasöfn.

Mikilvægt er að nálgun á stafræna umbreytingu sveitarfélaganna sé heildstæð, þ.e. að héraðsskjalasöfnin og sveitarfélögin horfi til aðgengis að hinum stafrænu vörsluútgáfum. Héraðsskjalasöfnin og Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu fylgja OAIS staðli, ISO 14721. Þróun á hugbúnaði sem tekur til grunnvirkni, innsetningar á gögnum, skráningar í gagnagrunna og röðun gagna er lokið og nauðsynlegur vélbúnaður er til staðar.

Nú er verið að vinna að aðgengis/miðlunar og umsjónarluta kerfisins auk viðhaldsáætlunar. Viðhaldsáætlun (e. *preservation planning*) tekur til umsýslu og gagnaöryggismála. Fyrsta útgáfa aðgengis og umsjónarluta kerfisins er í vinnslu og verður tilbúin á haustmánuðum og þá verður farið í formlegar prófanir á miðlunarhlutanum. Þá verður unnið að því að gera skjalaskrár yfir vörsluútgáfur aðgengilegar á vef með sama hætti og eldri skjalaskrár.

Héraðsskjalasöfnin munu árið 2023 geta kortlagt, varðveislumetið, tekið á móti tilkynningum, tekið á móti afhendingarútgáfum, vörsluútgáfum og veitt aðgengi að rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga. Getu héraðsskjalasafnanna til að sinna þessu verkefni er þannig umfram þær kröfur sem reglur Þjóðskjalasafns nr. 100/2014 og 877/2020 kveða á um.





# VERKEFNI SVEITARFÉLAGA?

## Lögbundin skylda sveitarfélaga.

Varðveisla skjala er hluti af lögbundnum skyldum stjórnýslu sveitarfélaga. Sveitarfélögunum ber skylda til að afhenda skjöl sín opinberu skjalasafni þegar skjölin hafa náð 30 ára aldri en rafræn gögn þegar þau hafa náð fimm ára aldri. Hægt er að lengja eða stytta þennan frest. Sveitarfélögin geta valið að sjá alfarið um skjalavörslu sína sjálf með stofnun og rekstri á héraðsskjalasafni eða afhenda skjöl sín á Þjóðskjalasafn Íslands til vörslu og greiða þá fyrir vörsluna. Gjaldskrá Þjóðskjalasafns hefur fram til þessa ekki náð yfir þá þjónustu sem héraðsskjalasöfnin veita sveitarfélögum og íbúum sínum. Núgildandi gjaldskrá tekur til gjalds fyrir hvern hillumetra af pappírsskjölum, gjald fyrir GB af rafrænum gögnum, umbúðir og vinnu við skráningu pappírsskjala.

Í máli þjóðskjalavarðar og aðstoðarþjóðskjalavarðar hefur komið fram að gjaldskráin verði endurskoðuð á næstunni og í þeirri vinnu verður ekki aðeins horft til raunkostnaðar vegna vörslu, því fleiri gjaldliðum verður bætt inn og gjaldskráin hækkuð. Þetta bendir til þess að fram að þessu hafi ríkið verið að niðurgreiða vörslu og þjónustu þeirra sveitarfélaga sem afhenda sín gögn á Þjóðskjalasafnið. Með þessu er verið að mismuna sveitarfélögum og hegna þeim sveitarfélögum sem hafa kosið að reka sín eigin héraðsskjalasöfn. Endurskoðun á gjaldskrá Þjóðskjalasafnsins tengist skipun starfshóps um framtíðarfyrirkomulag skjalasafna og mótun stefnu um rafræna langtíma vörslu skjala sem menningar- og viðskiptaráðherra mun skipa. Hópnunum er ætlað að leggja fram stefnu í málaflökknum eigi síðar en 10. september 2023.

Marktækur munur er á söfnun opinberra skjala og einkaskjala þar sem héraðsskjalasöfn eru til staðar eða þar sem þau er ekki að finna. Þekking og tengslanet starfsfólks héraðsskjalasafna ræður miklu þar um en starfsfólk safnanna er í stöðugu samtali við íbúa og stjórnýslu á hverjum stað. Rekstur héraðsskjalasafns er þannig öðrum þræði byggðamál þar sem staðsetning safnanna og sýnileiki ræður miklu um heimtur á opinberum skjölum og einkaskjölum. Með því að færa alla skjalavörslu til Þjóðskjalasafns Íslands er töluverð hættu á að gögn af landsbyggðinni munu ekki skila sér til langtíma varðveislu.



# VERKEFNI SVEITARFÉLAGA?

Héraðsskjalasöfn eru mikilvægir vinnustaðir með sérmenntuðu starfsfólki. Rekstur héraðsskjalasafna er mikilvægt byggðamál.

Rekstur héraðsskjalasafna er byggðamál að því leyti að sveitarfélögin hafa val um að reka sjálf vinnustaði með sérmenntuðu starfsfólki eða greiða ríkinu, þ.e. Þjóðskjalasafni Íslands fyrir sömu vinnu. Starfsemi héraðsskjalasafna tryggir atvinnu fyrir háskólamenntað fólk á landsbyggðinni - það er til mikils að vinna. Þá er sveitarfélögum og íbúum landsbyggðarinnar mismunað ef öll þjónusta á að færast á hendi Þjóðskjalasafns sem er staðsett í Reykjavík.

Það hefur ekki verið sýnt fram á að Þjóðskjalasafn sinni skjalahaldi þeirra sveitarfélaga sem ekki eiga og reka héraðsskjalasöfn betur eða til jafns við þá þjónustu sem héraðsskjalasöfnin veita sínum sveitarfélögum. Héraðsskjalasöfnin er best til þess fallinn að taka á móti og safna einkaskjalasöfnum vegna persónulegra tengsla og þekkingar á nærsamfélaginu og oftast en ekki fara þessir þættir saman, þ.e. söfnun opinberra og einkaskjala. Starfsfólk héraðsskjalasafnanna hefur áunnið sér traust sveitarfélaga og íbúa hringinn í kringum landið. Opinber gögn hafa ratað á héraðsskjalasöfnin með eða vegna þeirrar góðu vinnu sem þar fer fram. Verkefnið snýst ekki um það hvort Þjóðskjalasafn geti eða geti ekki tekið þetta verkefni að sér. Þetta snýst um að sveitarfélögin fái og geti sinnt þessu verkefni sjálf. Það geta þau.

Uppi hafa verið hugmyndir um að Þjóðskjalasafn taki að sér móttöku á skjölum sveitarfélaga og héraðsskjalasöfnin taki aðeins við einkaskjölum og sæta þær furðu. Hagræði af slíku verklagi er ekki á nokkurn hátt ljóst og vert benda á að héraðsskjalasöfnin vinna vel saman. Gildir einu hvort horft er til móttöku á skjölum á pappír, kortlagningu á rafrænum gagnasöfnum sveitarfélaga, móttöku á rafrænum gögnum eða miðlun á safnkosti. Starfsfólk fylgir skráðum alþjóðlegum stöðlum við vinnu sína. Það mætti frekar hugsa sér að gerðir væru samningar við héraðsskjalasöfnin um að sinna eftirliti og ráðgjöf ríkisrekinnna stofnanna sem staðsettar eru úti á landi og styðja þannig við öflugar skjalavörslustofnanir á landsvísu. Slík ráðstöfun myndi bæta og einfalda skjalavörslu og gæti þá um leið sparað ríkinu umtalsverðan kostnað.

Skjalavarsla sveitarfélaga er lögskyld verkefni og það væri á allan hátt betra ef það kæmi enn skýrar fram í lögum þannig að sveitarfélögunum beri skylda til að eiga og reka eigin skjalavörslustofnun og að þau beri þannig ábyrgð á eigin skjalavörslu til langs tíma. Tryggja verður samfellu í rekstri héraðsskjalasafnanna og koma í veg fyrir ómetanlegt tjón af völdum tímabundinna aðgerða í nafni niðurskurðar. Varsla skjala er mikilvægur þáttur í stjórnsýslu og ein grunnstoð mannréttinda íbúa þessa lands.

Tryggja þarf með lögum að sveitarfélögum beri að reka héraðsskjalasöfn og ríkið þarf að styðja sveitarfélögin til að gera það með myndarlegum hætti.

# ÁVINNINGUR AF STARFSEMI HÉRAÐSSKJALASAFNA

Héraðsskjalasöfn skapa mikil verðmæti fyrir þau sveitarfélög sem standa að rekstri þeirra. Verðmætasköpunin er bæði ávinningur fyrir samfélagið og stjórnsýsluna.

01

## Þjónusta við stjórnsýslu

Boðleiðir eru stuttar. Þjónustustig er hátt. Reglubundin samskipti héraðsskjalasafns við starfsfólk sveitarfélaga. Starfsfólk héraðsskjalasafna hefur mikla sérþekkingu á leit í skjölum stjórnsýslu.

02

## Þjónusta við samfélagið

Mikilvægt að skjölin séu í heimabyggð. Heimafólk, helstu þjónustuþegar skjalasafna, þurfa þá ekki að leita langt til að sækja þjónustu. Héraðsskjalasöfn taka þátt í ýmsum samfélagslegum verkefnum sem krefjast virkrar þátttöku íbúa.

03

## Stafræn þróun og öflug miðlun skjala og ljósmynda

Stafræn vegferð er mikilvæg í starfsemi héraðsskjalasafna. Stafræn yfirfærsla á efni hefur staðið yfir í mörg ár og skilar það sér í öflugri miðlun á skjölum, ljósmyndum, hljóð- og myndefni.

04

## Samvinna og samstarf

Samvinna og samstarf héraðsskjalasafna leiðir af sér sameiginleg verðmæti og þekkingu sem skilar sér í fjárhagslegum ávinningi og framþróun í rekstri. Héraðsskjalasöfn eru í nánú samstarfi og samvinnu við stjórnsýslu og stofnanir.

05

## Fjárhagslegur ávinningur

Samvinnuverkefni héraðsskjalasafna leiða af sér fjárhagslegan ávinning fyrir sveitarfélögin sem að þeim standa. Þar má nefna samstarf um sameiginlegt móttökuver og notkun á sameiginlegri tæknilausn miðlunarvefs við stafræna miðlun á safnkosti.

Skýrsla þessi er unnin á vegum stýrihóps héraðsskjalavarða um rafræna skjalavörslu og varðveislu

Í stýrihópnum sitja:

- Erla Dís Sigurjónsdóttir
- Hrafn Sveinbjarnarson
- Lára Ágústa Ólafsdóttir
- Sólborg Una Pálsdóttir
- Stefán Bogi Sveinsson
- Þorsteinn Tryggvi Másson

*Höfundar:*

*Erla Dís Sigurjónsdóttir*

*Sólborg Una Pálsdóttir*

*Þorsteinn Tryggvi Másson*

## TENGILIÐUR

Héraðsskjalasafn  
Árnesinga

Austurvegur 2  
800 Selfossi

sími: 482-1259

Þorsteinn Tryggvi Másson  
thorsteinn@heradsskjalasafn.is  
www.myndasetur.is

ISBN 978-9935-9418-3-1